

**Nd.**

**206. Nefndarálit**

um frumv. til laga um ábyrgð ríkissjóðs fyrir Samvinnufélag sjómanna á Stokkseyri til bátakaupa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþ. með eftirfarandi

**BREYTINGU.**

Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Heimilt er ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 85 þús. kr. láni fyrir Samvinnufélag sjómanna á Stokkseyri, til kaupa á vélbátum, enda nemi lánið eigi meiru en  $\frac{1}{5}$  af kaupverði bátanna fullbúinna til fiskveiða. Lánið skal tryggt með sjálfskuldarábyrgð félagsmanna, ábyrgð Stokkseyrarhrepps og fyrsta veðrétti í bátunum. Fors'öðumaður og annar endurskoðandi félagsins skulu samþykktir af ríkisstjórninni.

Alþingi, 28. nóv. 1933.

Bergur Jónsson,  
form.

Jóhann Þ. Jósefsson,  
fundaskr.

Eysteinn Jónsson,  
frsm.

Ólafur Thors,  
með fyrirv.  
Finnur Jónsson.